

**Ed.**

**367. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um sparisjóði.

Frá nefndinni.

1. Við 2. §grein:

- a. Orðið »sinnum« í 3. línu 4. málsgreinar, falli burt.
- b. Á eftir orðunum »veita undanþágu« í 4. línu seinustu málsgreinar komi:  
um stundarsakir.

2. Við 6. grein.

Orðið »vitavert« í 4. málsgrein, falli burt.

3. Við 13. grein.

2. málsgrein orðist svo:

Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna má því að eins veita til lengri tíma en eins árs, að þau sjeu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sje láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni.

4. Við 22. grein.

Orðin »um stundarsakir«, falli burt.

5. Við 27. og 28. grein.

Þessar greinar skifti um röð.